

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g


GÚTTÓ ehf
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

Hér á hjarta mitt lögheimili

„En þarna uppi á lofti í pakkhúsinu, sem mér fannst nú í minningunni vera nokkuð rúmgott, þar byrjaði eiginlega minn ferill. Þar stofnuðum við fljótlega hljómsveitir og sýndum bío og lékum leikrit og seldum inn og voru með alls kyns menningarlegar uppákomur.“ Bolvíkingurinn Pálmi Gestsson er í viðtali vikunnar.



— sjá bls. 11-13.

B3

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 24. júlí 2014 · 29. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak



Hvalaskoðun í Ísafjarðardjúpi

Þú færð



vörurnar
hjá okkur



VERSLUN SINDRAGÖTU 12

Opíð mánudaga til föstudaga 8-18
Opíð laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

Kíktu til okkar
í Hafnarstræti 9
Ísafirði



Afgreiðslutími:

Virka daga 10:00-22:00

Lau & sun 11:00-22:00



EINFÖLD REIKNIVÉL
Á **eBOX.IS**

eBOX
auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR

→ → → → → → →

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

Aðveitustöðin í Stóruð verður rifin

Spennir 1 í aðveitustöð Orkubús Vestfjarða í Stóruð á Ísafirði var aftengdur á föstudag. Með þessari aðgerð verða þau tímamót að aðveitustöðin líkur störfum sem slík, eftir að hafa þjónað hlutverki sínu í tæp 55 ár, eða frá því að hún var spennusett 1960. Fyrir liggur að byggðir verða ofanflóðagarðar neðan við húsið í Stóruð og því fátt í spilunum annað en að rífa húsið. Rafmagns-

veitur ríkisins fengu leyfi árið 1959 til að reisa aðveitustöð í Stóruð. Í febrúar 1960 voru virkjanirnar í Engidal, Reiðhjallavirkjun í Bolungarvík, Mjólkárvið í Arnarfirði og dísilstöðvar á svæðinu samtengdar og í maí sama ár var aðveitustöðin í Stóruð á Ísafirði tilbúin til notkunar.

Með tilkomu aðveitustöðvarinnar og tengingar við flutningskerfi rafmagnsveitunnar hófst nýr

kaflí í sögu rafvæðingar á Ísafirði og Rafveita Ísafjarðar hóf framkvæmdir við hringtengingu háspennustrengs um eyrina. Orkubú Vestfjarða tók við rekstri aðveitustöðvarinnar við stofnun þess árið 1978. Árið 2005 var Landsnet stofnað og tók í framhaldinu við öllu 66kV kerfi stöðvarinnar. Orkubúið átti áfram aflspenna og 11 kV kerfi. Samstarf um rekstur stöðvarinnar hefur

gengið vel.

Stöðin hefur tekið miklum breytingum frá því hún var byggð. Hin síðustu ár hefur verið ljóst að húsnaðið hentar ekki lengur undir þá starfsemi sem því er ætlað og eins hefur borið á töluverðum og vaxandi gólfhalla sem erfitt hefur verið að ráða við. Nú hefur ný og glæsileg aðveitustöð verið tekin í notkun við Skeiði á Ísafirði.

Ekkert laust í Ísafjarðará

Vel hefur gengið að selja veiðileyfi í Ísafjarðará í Ísafjarðardjúpi í sumar og hafa nánast öll veiðileyfi verið seld. Stangaveiðifélag Ísafjarðar er með ána á leigu. Magnús Reynir Guðmundsson á Ísafirði sér um sölu veiðileyfa og segir hann að veiðin sé tiltölulega nýfarin af stað og nokkrir laxar komnir á land. „Áin er búin að vera eins og stórfljót en nú fer þetta að fara almennilega í gang,“ segir Magnús Reynir.

Í fyrra veiddust milli 70 og 80 laxarar í Ísafjarðará og jókst veiðin mikið milli ára. „Áin hefur aldrei verið með þeim stærri en hún er sú eina sem félagsmenn í Stangaveiðifélagi Ísafjarðar geta veitt lax í fyrir lítinn pening.“



Líkt og fyrr sá Aðalsteinn Valdimarsson á Strandseljum um dyravörsluna. Hér er hann ásamt Erpi Eyvindarsyni. Ljós: HH.

Aldrei fleiri á Ögurballi

„Þetta gekk alveg hrikalega vel. Veðrið var svo flott þótt það hafi verið smá úði yfir daginn og fram á kvöld að þá var þurrt yfir nóttina. Um 360 manns borguðu sig inn á ballið en við erum að áætla að um 450 manns hafi verið á svæðinu, aldrei verið fleiri held ég og stemningin eftir því,“ segir Guðmundur Halldórsson einn af skipuleggjendum Ögurballsins margrömaða sem haldið er árlega í Samkomuhúsinu í Ögri í Ísa-

fjarðardjúpi. Hann segir fólk hafa drifið að úr öllum áttum. „Við töldum að mig minnr 50 tjöld og húsbíla hérna og svo var Siggi Ómars að ferja fólk sjóleiðina allt kvöldið og alla nóttina. Svo er líka fullt af fólk sem kemur keyrandi og fer svo keyrandi strax eftir ball eða undir morgun,“ segir hann.

Hefð er fyrir því að bjóða ballgestum upp á rabararagraut með rjóma og að sögn Guðmund-

ar kláraðist hann upp til agna. „Það hefur aldrei verið eins mikill grautur og í ár, alveg metframleiðsla, og ég held svei mér þá að það þurfi að bæta við á næsta ári,“ segir hann. Veðurbliða var í gær þegar fólk var að ranka við sér eftir gleðina og segir Guðmundur að margir hafi staldrað lengi við áður en haldið var heim á leið. „Við buðum upp á þynnku-borgara sem runnu vel ofan í mannskapinn. Það fer algjörlega

eftir veðri hve lengi fólk staldrar við daginn eftir ballið, ef það er leiðinlegt þá pakkað fólk fljótt saman. En núna tók fólk því bara rólega, gæddu sér á góðum borgurum í veðurbliðunni,“ segir hann.

Allur ágóði af ballinu rennur óskiptur í viðhalds og almennan rekstur Samkomuhússins og telur Guðmundur að náðst hafi þrýðilega upphæð í sjóðinn í ár.

– harpa@bb.is



Fór holu í höggi á Tungudalsvelli

Dagný Finnsdóttir, kylfingur í Golfklúbb Ólafsfjarðar átti draumhöggið sitt á Tungudalsvelli föstudaginn 18. júlí en hún var það með vinkonum sínum við golf-leik. Upphaflega höfðu þær stöllur skráð sig til leiks í 35+ mótinu sem fram átti að fara á Tungudalsvelli, en af-ráðið var að fara það mót. Þær stöllur héldu hinsvegar sínu striki og breyttu þessu í golfferð til Vestfjarða, þær sjá ekki eftir því.

Aðspurð sagði Dagný að höggið sem slíkt hafi ekki verið neitt sérstakt, ekki svona hátt og fallett eins og maður sér í sjónvarpinu, höggið var hinsvegar árangursríkt því það fór beina leið í sjöundu holuna sem er 80 metra löng af rauðum teigum með mikilli hækkun þannig að ekki er hægt að sjá frá teig hvar boltinn lendir. Dagný notaði 7 járn við drauma-höggið.

Færri fæðingar á Vestfjörðum

Alls fæddust 72 börn á Vestfjörðum, sem er nokkur fækkun frá árinu á undan þegar 86 börn fæddust í fjórðungnum. Í Bolungarvík fæddust 10 börn í fyrra (miðað er við lögheimili mæðra ekki hvar barnið fæðist) sem er aðeins einu færra en árið á undan. Í Ísafjarðarbæ fæddust 35 börn, tíu börnum færra en árið 2012. Átta börn fæddust í Reykhólahreppi en hlutfallslega var mesta

fjölgunin þar en árið 2012 fæddist þar aðeins eitt barn. Fjögur börn fæddust í Tálknafjarðarhreppi, einu færra en árinu á undan og í Vesturbyggð fæddust fimm börn sem er töluverð fækkun frá árinu 2012 þegar 17 börn fæddust þar.

Þrjú börn fæddust í Súðavíkurhreppi en eitt árið 2012. Tvö fæddust í Kaldrananeshreppi sem er sami fjöldi og 2012. Í Strandabyggð fæddust fimm börn en þrjú

börn fæddust þar 2012.

Árið 2013 fæddust 4.326 börn á Íslandi, sem er nokkur fækkun frá árinu 2012 þegar hér fæddust 4.533 börn. Það komu 2.129 drengir í heiminn og 2.197 stúlkur árið 2013, sem jafngildir 969 drengjum á móti hverjum 1.000 stúlkum. Helsti mælikvarði á frjósemi er fjöldi lifandi fæddra barna á ævi hvers konu. Árið 2013 var frjósemi íslenskra kvenna

lægri en tveir í fyrsta sinn frá 2003, eða 1,932 börn á ævi hvers konu. Yfirleitt er miðað við að frjósemi þurfi að vera um 2,1 barn til þess að viðhalda mannfjöldanum til lengri tíma lítið. Undanfarin ár hefur frjósemi á Íslandi verið rétt um 2 börn á ævi hvers konu. Frjósemin nú er helmingi minni en hún var um 1960, en þá gat hver kona vænst þess að eignast rúmlega 4 börn.



ALLT Á EINUM STAÐ

Á pósthúsum finnur þú úrval af smávöru og íslensku sælgæti í gjafapakkann. Þú velur gjöfina, pakkar henni inn og sendir hana af stað í einum grænum – einfalt ekki satt!

KLÁRAÐU PAKKANN Á PÓSTHÚSINU ÞÍNU!



SÆLGÆTI



GJAFAVARA



MINJAGRIPIR



LEIKFÖNG



SPIL



BÆKUR

www.postur.is



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, bb@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfðum bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Í fáum orðum sagt

Hvert af öðru líða árin í aldanna skaut án þess að úr rætist hvað orkubúskap Vestfirðinga varðar. 2008: Össur Skarphéðinsson, þáv. iðnaðarráðherra lýsir yfir að Vestfirðingar búi við þriðja flokks raforkukerfi. Virkjun Hvalár gæti skipt sköpum til lausnar þessum vanda. 2009: Tening Hvalárvirkjunar við Ísafjörð er sá kostur sem best kemur út í skýrslu Landsnets um afhendingaröryggi rafmagns á Vestfirðum.

Svokallað tengigjald, sem til varð við uppstokkun milli framleiðslu og dreifingu á rafmagni, er talið stærsti þröskuldurinn í vegi virkjunarinnar. Ríkisstjórn Íslands er hvött til að gjaldið verði greitt úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar, ríkissjóði. Ráðamenn telja ekki fært að fella gjaldið niður í ríkjandi lagaumhverfi. (Hvaða vankvæði eru á því að frávik verði gerð frá gildandi lögum, eða þeim breytt, ekki tilgreind. Hvað með allar eftirgjafirnar sem fyrirhugaðar eru til erlendra fyrirtækja, eflaust í milljörðum talið, þegar allt kemur til alls? Þar flækist lagaumhverfið auðsjáanlega ekki fyrir!)

2010: Fyrir liggur að árlegt tap samfélagsins vegna ástandsins á Vestfirðum, orkutap, vinnutap og tjón á tækjum er metið á um 500 milljónir. Það munar um minna.

2011: Hvalárvirkjun er sögð í raun eini ný virkjunarkostur Vestfjarða; enginn ágreiningur um vatnsréttindi, land eða annað sem að slíkri framkvæmd snýr, segir í ályktun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Hvalárvirkjun meðal virkjanahugmynda, sem settar eru í nýtingarflokk af þar til skipaðri nefnd.

2014: Eitt er Jón og annað séra Jón. Fyrirvörum um raforku til eins af þremur fyrirhuguðum kísilverum hefur verið rutt úr vegi. Rafmagn til hinna tveggja og sólarkísilverksmiðju kallar á nýjar virkjanir. Þetta velkist ekki fyrir valdhöfunum, þótt Hvalárvirkjun sé fundið allt til foráttu. Vestfirðir geta áfram setið á hakanum. Hvað hafa þingmenn NV-kjördæmis til málanna að leggja?

Bæjarins besta stendur þeim opið. Skorað er á þá að láta til sín heyra. Dísilstöð í Bolungarvík og vindmillur við Þröskulda opna ekki leið orkufrekra fyrirtækja til Vestfjarða.

s.h.

Spurning vikunnar

Ætlar þú á mýraboltann í ár?

Alls svöruðu 359.

Já sögðu 96 eða 27%

Nei sögðu 263 eða 73%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Snorri Már (annar frá vinstri) stöðvaði hjólið á Silfurtorgi eftir um 800 km hjólaferð.

Snorri Már lokaði Vestfjarðahringnum

Ísfirðingurinn Snorri Már Snorrason lauk hringferð sinni um Vestfirði á Silfurtorgi á Ísafirði á laugardag eftir um 800 kílómetra hjólaferð um kjálkann, en ferðina hóf hann 5. júlí. Snorri Már, sem er með Parkinson-sjúkdóminn, hjólaði fyrir tveimur árum hringveginn til að minna fólk á mikilvægi hreyfingar fyrir heilsuna. Í það skiptið skildi hann Vestfirðina eftir svo hann ákvað að taka þá í ár. Hann vill meina að Vestfjarðarhringurinn sé þrisvar sinnum erfiðari en margfalt skemmtilegri. Landslagið sé svo fallegt og svo margt sem kemur á óvart. Þótt hann sé gamall Ísfirðingur og Vestfirðingur hafi hann séð svo margt nýtt með því að fara rólega yfir.



Faktorshúsið í Hæstakaupstað á Ísafirði.

Fella ekki niður fasteignagjöld Faktorshússins í Hæstakaupstað

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur hafnað beiðni Áslaugar Jóhannu Jensdóttur, eiganda Aðalstrætis 42 (Faktorshússins í Hæstakaupstað) á Ísafirði fyrir hönd áhugamannafélags hússins, um niðurfellingu fasteignagjalda af húsinu. Í erindi Áslaugar segir að það hafi verið reist árið 1788 og friðað fyrir tæplega fjórum áratugum. „Hús þetta var í mjög döpru ástandi þegar við hjónin tókum við því, en árið 2005 lauk formlegum endurbótum á því.

Þrátt fyrir að því verki hafi verið lokið, varð strax tímabært að hefja vinnu við viðhald á endurbótunum! Þarna er um eilífðarverkefni að ræða og myndi muna mikið um þennan útgjaldalið,“ segir í erindinu.

Þá segir að því miður hafi ekki auðnast að hafa samfelldan rekstur í húsinu en það var útbúið sem veitinga- og gistihús. „Megin markmið eigenda var að velja húsinu hlutverk þar sem heimamenn, jafnt sem ferðamenn ættu

sem greiðastan aðgang að þessu merkilega og sögufræga húsi, hluta af „Menningararfi þjóðarinnar“, en ekki síst bæjarfélagsins!“ segir einnig í erindinu. Húsið að Aðalstræti 42 er það eina sem eftir stendur af átta húsum sem reist voru af Björgvinjarmönnum frá Noregi, eftir konunglega tilskipun um afnám einokunarverslunar og einkaleyfi sex kaupstaða til verslunar á Íslandi.

– harpa@bb.is



Íslenskt kjöt á góðu verði í Bónus



1995
kr. kg



1459
kr. kg



3598
kr. kg

Ferskt ókryddað lambafillet



759
kr. kg



1459
kr. kg

Bónus sérskorið lambalæri: þá er efsti hluti mjaðmabeins og rófubein skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!



1898
kr. kg.

SS Frosnar lambakótilettur (TVÍRIFJUR)



1398
kr. kg

BÓNUS úrb. GRILL-Grísakótilettur



1398
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum FROSID



1198
krónur kg.

KS Lamba-Sirloinsneiðar FROSAR



1198
kr. kg.

Bónus BBQ grill grísakótilettur



898
kr. kg.

Bónus Grill grísabógsneiðar



1198
krónur kg.

Kaupfél. Skagfirðinga Frosið heilt lambalæri FROSID

Nýtt íslenskt grísakjöt af nýslátruðu



698
KR.KG

ÍSLANDSGRÍS Ferskt grísahakk



1098
KR.KG

ÍSLANDSGRÍS Ferskar úrb. grísahnakkasneiðar



1098
KR.KG



998
KR.KG

ÍSLANDSGRÍS Ferskar grísakótilettur



1098
KR.KG



Deiliskipulagstilögur í Reykhólahreppi

Hreppsnefnd Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum 10. apríl 2014 að auglýsa eftirfarandi tillögur að deiliskipulögum.

Péttbýlið á Reykhólum, útivistarsvæði og Sjávarböð

Skipulagssvæðið nær yfir stóran hluta af Langanesi og Titlingastaðarnesi sunnan byggðar Reykhóla allt frá syðstu péttþýlismörkum Reykhóla niður að sjó við Karlsey. Heildarstærð skipulagssvæðisins eru 324,11 hektarar.

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir allt svæðið sé ætlað fyrir almenna útivist í sátt við umhverfið og náttúru svæðisins og einnig afmörkum á 10.000m² lóð undir þjónustubyggingu Sjávarbaða sem er skilgreind með takmörkuðu byggingarmagni.

Innan lóðarinnar má byggja þjónustubyggingu Þ1, smáhýsi G1-2, laugar og potta ásamt bílastæðum sem þjóna Sjávarböðunum. Lóðinni er annars vegar skipt upp í framkvæmdarsvæði og hins vegar náttúrusvæði, þar sem byggingin markar skil milli þessara tveggja svæða.

Eftir framkvæmdir mun strandlengjan á Langanesi og Titlingastaðarnesi verða aðgengileg til almennrar útivistar í sátt við náttúruna.

Frístundarsvæði í landi Kirkjubóls á Bæjarnesi

Svæðið er í hlíðum Bæjarnesfjalls og liggur við Kvígindisfjörð og er ströndin þar um 800m að lengd. Gert er ráð fyrir 25 frístundarhúsum sem koma til með að dreifast nokkuð jafnt um svæðið.

Gert er ráð fyrir að byggðin falli vel að umhverfi sínu og umhverfisáhrif lágmarkað.

Heildarstærð skipulagssvæðisins 300 ha að stærð.

Péttbýlið á Reykhólum, Hellisbraut

Skipulagssvæðið liggur við nyðri enda Hellisbrautar að Maríutröð í péttbýlinu á Reykhólum.

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir tveimur 4 íbúða raðhúsalóðum ásamt 7 einbýlishúsalóðum með aðkomu frá Hellisbraut. Á skipulaginu eru afmörkuð 5 þegar byggð einbýlishús. Heildarstærð skipulagssvæðis er 2 ha að stærð. Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögurnar.

Skipulagsuppdrættir og greinargerð liggja frammi á skrifstofu Reykhólahrepps frá 24 júlí til 5.sept 2014. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.reykholar.is. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Reykhólahrepps að Maríutröð 5a 380 Reykhólar eða á netfangið skrifstofa@reykholar.is merkt „deiliskipulag“ og því skipulagi sem um ræðir.

Reykhólar, 14.júlí 2014

Bogi Kristinsson Magnusen

Skipulagsfulltrúi og byggingarfulltrúi

Þóra Katrín Lindberg hluts



Í sjósundi kvenna sigraði Díana Ósk Halldórsdóttir.

Hlaupahátíð Vestfjarða lauk á sunnudag þegar keppendur í Vesturgötu hlaupinu skiluðu sér í mark á Sveinseyri í Dýrafirði, auk þess sem úrslit í þríþrautinni urðu kunn. Hátíðin hófst á föstudag með sjósundi og Óshlíðarhlaupi. Í 500 metra sjósundi



Húsfyllir á Saltfiskveislu Byggðasafnsins

Húsfyllir var á saltfiskveislu Byggðasafns Vestfjarða í Neðstakaupstað á laugardag en veislan hefur verið haldin árlega frá árinu 2002. Gæddu gestir sér á hinum ýmsu saltfiskréttum sem matreiddir voru af Magnúsi Haukssyni, Ólafi Helgasyni og aðstoðarmönnum þeirra í Tjörúhúsinu. Líkt og síðustu tvö árin var veislan haldin í Turnhúsinu í Neðstakaupstað en ekki í Tjörúhúsinu líkt og hefur tíðkast.

„Það var húsfyllir eins og venjulega og gekk allt mjög vel. Gerður góður rómur að mat og músík. Það sem var

ánægjulegast var að í ár gleymdu við ekki soðningunni!“, segir Jón Sigurpálsson safnvörður Byggðasafns Vestfjarða en soðningunni gleymdu þeir í fyrra við mikil vonbrigði gesta. Fólk var því að vonum kátt með soðninguna í ár.

Bacalaoband Valda Mósa spilaði bæði við borðhaldið og fyrir dansi á eftir en bandið skipa Valdimar Olgeirsson á bassa, Kristinn Gauti Einarsson á slagverk, Halldór Smáráson á píanó og harmónikku og um sönginn sá Lilja Björk Runólfssdóttir. Þorsteinn Traustason tók meðfylgjandi myndir frá veislunni.

og Björn körpust

kvenna sigraði Díana Ósk Hall-
dórsdóttir á tímanum 00:07:54
sem einnig var besti tíminn heilt
yfir og í karlaflokki sigraði Oddur
Kristjánsson á 00:08:24.

Í Óshlíðarhlaupinu kom Hrönn
Hrönn Guðmundsdóttir fyrst í
mark í 10 km hlaupinu í kvenna-
flokki á tímanum 00:41:33 og
Sigurjón Ernir Sturluson í karla-
flokki á 00:36:55. Arna Sigríður
Albertsdóttir kom fyrst í mark í
hálfmaraponinu á 01:00:52.
Keppti hún í flokki fatlaðra og
tók þátt á sérstöku handahjólí.
Því næst kom Bas Pierik í mark á
tímanum 01:24:26 og í flokki
kvenna var Ingvaldur Hafðís
Karlsdóttir á 01:37:44.

Svalvogahjólreiðarnar fóru
síðan fram á laugardag í blíðviðri
á Þingeyri. Sólin lét reyndar lítið
fyrir sér fara en lognið var algert
og því var varla tekið eftir rign-
ingardropunum sem þar féllu.



Oddur Kristjánsson sigraði í karlaflokki í sjósundinu.

Sigurvegarnir í hjólreiðunum voru
Ingvar Ómarsson á 02:13:03 og
Þorgerður Pálsdóttir 03:10:16, en
Ingvar háði harða keppni við
Hafstein Ægir Geirsson en hafði
sigur með aðeins sjónarmun.
Mikið var um skakkaföll í hjól-
reiðunum, keðjur slitnuðu, dekk
sprungu, menn villtust og einn

og einn skurður lét ljós sitt skína
en allt gekk þó að óskum og
komust allir heilir heim.

Í 45 kílómetra Vesturgötu varð
sigurvegari í karlaflokki Stefán
Gíslason en hann hljóp á tímanum
04:12:03. Í kvennaflokki
sigraði Álfheiður Hrönn Haf-
steinsdóttir á tímanum 04:56:10.

Í 24 kílómetra Vesturgötu sigraði
Sigurjón Ernir Sturluson í flokki
karla en hann hljóp á tímanum
01:41:41 og sigurvegari í kvenna-
flokki var Martha Ernstsóttir á
tímanum 01:59:34. Í 10 kílómetra
Vesturgötu sigraði Guðni Páll
Pálsson á tímanum 00:36:46 og í
kvennaflokki var það Hrönn

Guðmundsdóttir sem kom fyrst í
mark á tímanum 00:46:27. Í þrí-
þrautinni varð Björn Lindberg
fyrstur meðal karla en hann lauk
þrautinni á 05:09:59. Þóra Katrín
Gunnarsdóttir sigraði í kvenna-
flokki en hún lauk þrautinni á
tímanum 05:50:13.

– harpa@bb.is





Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018

Hreppsnefnd Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum 10. apríl 2014 að auglýsa tillögu að breytingar á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að breytingum á aðalskipulagi Reykhólahrepps.

Breytingar á aðalskipulagi Reykhólahrepps felast í að breyta skilgreindri afmörkun þéttbýlisins, reitur V-3 er færður að Stekkjarvogi, gönguleiðir endurskoðaðar, ný náma, afmörkun nýrrahafnarmannvirkja og iðnaðarsvæðis.

Í dreifbýlinu er gerð leiðrétting á númerum frístundabyggðar og frístundabyggðasvæði í landi Kirkjubóls F-12 stækkað.

Skipulagsuppdrættir, greinagerð og liggja frammi á skrifstofu Reykhólahrepps frá 24. júlí til 5. sept 2014. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins **www.reykholar.is**. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Reykhólahrepps að Maríutröð 5a eða á netfangið **skrifstofa@reykholar.is** merkt "aðalskipulag"

Reykhólar, 14. júlí 2014
Bogi Kristinsson Magnusen
Skipulags og byggingafulltrúi



Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

Ekki orðið var við samráð

Gísli Halldór Halldórsson, bærarstjóri Ísafjarðarbæjar, telur að sameining Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði, leiði mjög líklega til veikrar stjórnsýslueiningar, hærri kostnaðar og verri þjónustu við notendur þjónustunnar. Sameiningunni hefur verið mótmælt harkalega af bæjaryfirvöldum í Vesturbyggð og hefur Ásthildur Sturludóttir, bærarstjóri Vesturbyggðar, sagt að algjörlega hafi skort á samráð við heimamenn, þvert á loforð Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra.

„Ég hef ekki orðið var við neitt samráð frekar en Ásthildur og

vissulega dregur slíkt samráðsleysi úr gæðum allra ákvarðana,“ segir Gísli Halldór. Hann segist taka undir ályktun bæjarráðs Ísafjarðarbæjar frá því í haust þegar sameining heilbrigðisstofnanna var til umfjöllunar.

„Eins og samgöngum er háttað í dag þá gætu Patreksfjörður og Ísafjörður allt eins verið í sitt hvorum landsfjórðungnum, níu mánuði ársins. Ekki er hægt að sjá að fjarstýring heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði frá Ísafirði, leiði til styrkari stjórnar, aukins sjálfstæðis eða betri, öruggari og sveigjanlegri þjónustu við íbúana. Þessi aðgerð er einnig líkleg til að draga úr þeirri

sjálfsefingu sem nauðsynleg er samfélögum á landsbyggðinni,“ segir í ályktuninni.

Kristján Þór segir í samtali við Fréttablaðið að það sé algjörlega ljóst að með sameiningu sé ekki verið að fækka eða loka starfsstöðvum í heilbrigðisþjónustu. „Síður en svo. Aðgerðirnar draga úr stjórnunarkostnaði svo meira fjármagn verður eftir fyrir starfsstöðvar. Einnig fela aðgerðirnar í sér stóráðuneytið til samvinnu milli starfsstöðva þannig að sérfræðipækking verður auðsöttari á minni stöðunum,“ segir Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra.

– smari@bb.is

Móamennska og Magnús Reynir

Magnús Reynir Guðmundsson er virtur borgari á Ísafirði og hefur notið mikils trúnaðar samborgara sinna. Á hann er hlustað þegar hann talar og það lesið sem hann skrifar. Fyrir skömmu ritaði hann pistil á bb.is og hrósaði með réttu leiðarahöfund blaðsins. Hann kvað leiðara vera uppbyggilega og leiðarahöfund bera hag Vestfirðinga fyrir brjósti, sem er sannmæli og síst ofmælt. Vestfirðingar hafa átt á brattann að sækja og mættu eiga sér fleiri öflugra talsmenn. Það er rétt hjá Magnúsi, sem reyndar hefur setið á Alþingi fyrir Framsóknarflokk sem varamaður undir árslok 1983, vorið 1985 og í mars 1986. Hann gegndi um tíma stöðu framkvæmdastjóra Frjálslynda flokksins og sat í bærarstjórn Ísafjarðarbæjar 2002 til 2006 fyrir Frjálslynda og óháða og næsta kjörtímabil á eftir fyrir Í listann. Hann var mjög lengi bæjarritari á Ísafirði og hefur því mikla reynslu að byggja á.

Magnús Reynir hnýtir í Stakk. Það hefur hann gert áður enda væri undarlegt að allir reyndust sammála því sem þar kemur fram. Það er gott að fá gagnrýni frá jafn reyndum manni og Magnús Reynir ótvírætt er. Hann reiðir þó hátt til höggs og gleymir því að oftar en ella er fjallað um möguleika Vestfirðinga

og kosti Vestfjarða en aðra hluti. Vissulega hefur það gerst að fjallað hafi verið um Vestfirði í samhengi við aðra landshluta enda væri slæmt að einangra sig við Vestfirði eina, sem eru hluti Íslands bæði landfræðilega og eins þegar kemur að stjórnsýslu og stjórnámálum. Að undanförmu hefur verið fjallað um ferðaþjónustu, kosti hennar og galla og hver úræði kunna að vera tiltæk til þess að gera tvennt í einu, að nýta Ísland til þess að taka á móti ferðamönnum og gæta þess að landið láti ekki undan ágangi ferðamanna. Rétt er að vikið hefur verið að fjölsóttustu ferðamannastöðum Íslands, sem eru reyndar ekki ýkja langt frá Reykjavík og þar með Hádegismóum, sem munu vera við Rauðavatn. En það er, því miður fyrir Magnús Reyni, ekki rétt að neinn boðskapur birtist hér í pistlum sem þar eiga sinn uppruna.

Flestir Íslendingar sem fæddir eru um eða fyrir miðja síðustu öld þekkja móa sem hluta náttúru Íslands. En þeir hafa ekki sérstaklega verið teknir til umræðu, hvorki hér né í BB almennt. Nú er orðin breyting á. Kannski er móamennska næsta tækifæri Íslendinga og þar með talið Vestfirðinga í ferðaþjónustu, ekki síst þegar ljóst er að allir þeir fjölmörgu ferðamenn sem sækja landið heim komast vart lengur fyrir á vinsælustu stöðunum.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakði umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Fjórðungssambandið mót- sameiningunni harðlega

Sameiningu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði er harðlega mótmælt í ályktun sem stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkti á þriðjudag. Í ályktuninni segir að ákvörðun Kristjáns Þórs Júlíussonar, heilbrigðisráðherra, um sameiningu stofnananna sé tekin einhliða og þrátt fyrir kröftug mótmæli sveitarfélaga á Vestfjörðum, verður ekki vart við neina stefnubreytingu hjá ráðherranum. Stjórn

Fjórðungssambandsins segir að ákvörðun Kristjáns Þórs sé ekki í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu frá árinu 2007 en þar segir: „Ráðherra getur, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga, ákveðið að sameina heilbrigðisstofnanir innan heilbrigðisumdæmis með reglugerð.“

„Eðlileg málsmeðferð í samráðsferli að mati Fjórðungssambandsins, er að þar svari heil-

brigðisráðherra sjónarmiðum sveitarfélaga með greinargerð en ekki einhliða ákvörðunum án frekari skýringa. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga gagnrýnir því að ráðherra hafi farið í þessa vegferð, algjörlega án samráðs við heimamenn og íbúa á áhrifasvæðinu, sem og að því er virðist án samráðs við þingmenn kjördæmisins,“ segir í ályktuninni. Bæði Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og Ásthildur Sturludóttir,

bæjarstjóri Vesturbyggðar hafa sagt að skort hafi á samráð við sveitarstjórnir um málið og Ásthildur gekk svo langt að kalla framkomu ráðuneytisins ruddaskap.

Sameining stofnananna tekur gildi samkvæmt reglugerð 1. október í haust og nýr forstjóri tekur til starfa á sama tíma á grundvelli auglýsingar um stöðu forstjóra sem auglýst verður í þessum mánuði. Í tilkynningu heilbrigðisráðuneytis er boðað að verðandi forstjórar og starfsmenn

ráðuneytisins muni hafa samráð við sveitarstjórnarmenn um framkvæmd málsins. Ályktun Fjórðungssambandsins var fyrst lögð fram á stjórnarfundum í haust vegna sambærilegrar tillögu um sameiningu er taka átti gildi um síðustu áramót. Stjórn sambandsins hafnaði tillögunni og skoraði á Alþingi að draga tillögu heilbrigðisráðherra til baka. Í framhaldinu frestaði ráðherra ákvörðun um málið en nú kemur ályktunin óbreytt fram.

Bullandi Súgfirðingur hannar fjölnota hörpoka

„Þessi poki er nokkurra ára gömul hugmynd sem hefur poppað upp í kollinum annað slagið. Núna er hún orðin að veruleika! Viðtökurnar eru æðislegar. Ég setti mynd af þeim á síðuna mína á Facebook og hóf söluna þá og verð að viðurkenna að þegar pantanir fóru að koma í sms og í skilaboðum á síðunni, fékk ég einhvern hroll, spennuhroll, hristist í sætinu mínu. Frekar fyndið,“ segir Súgfirðingurinn Kolbrún Elma Schmidt sem hefur hannað fjölnota poka úr hör en á pokanum er ljósmynd af vígslu sundlaugar Súgfirðinga, 30. júlí 1933.



Kolbrún Elma Schmidt.

Aðspurð um tilurð pokans segir hún Súgandafjörð vera sér mjög kær og að hugsanir sínar gangi oft úr frá því hvað henti Suðureyri, hvað hún geti gert fyrir þorpið sitt. „Ég er bullandi Súgfirðingur! Hér ólst ég upp og umhverfið hér og fólk á stóran hlut í því hvernig ég er í dag. Mamma og pabbi örugglega mjög glöð að ég skelli ekki skuldinni bara á þau. Eins og máltækið segir: Það þarf heilt þorp til að ala upp barn.“

Að vera með hugmynd að vöru er ekki nóg. Það þarf dugnað, þor og bævítans peninga. Því miður fúnkera ég of oft þannig að þegar peningurinn er ekki til, á ég ekki þor og bara pínu lítið af

dugnaði. Ég þarf alveg að vinna í þessu. Svo þegar ég tók upp þorið mitt og spjallaði við það, fékk ég hugmynd um að fá Klofning til að styrkja mig með startkostnað! Þá sagði dugnaðurinn: Góð! Áfram Kolbrún!“ segir hún og hlær.

Hún segir pokann ekki framleiddan í hagnaðarskyni heldur hafi hún frekar, í þetta skiptið, viljað hafa vöru sína ódýra og koma þeim og minngu sundlaugarinnar í sem flestar hendur. „Efnið sem ég valdi er hör og það er bara frekar dýrt en það er svo flott. Svo kostar prentið sitt og saumaskap minn sel ég ódýrt. Hefði ég ekki fengið styrkinn hefði ég þurft að selja pokann mun dýrari,“ segir hún. Aðspurð



Hörpokinn góði. Mynd: KES.

af hverju hún hafi valið mynd af vígslu sundlaugarinnar á pokann segir Kolbrún: „Hún er mér og fleirum stórt sögulegt gildi fjarðarins sem þarf að varðveita og halda uppi. Hún eyðilagðist í sjóflóði sem var til af snjóflóði hinum megin í firðinum 26. október 1995,“ segir Kolbrún.

„Ég kíkta til Guðna Einarssonar, framkvæmdastjóra Klofnings og sagði honum frá hugmynd minni með fjölnota taupokana. Honum leist svona vel á þetta, hann er líka bullandi Súgfirðingur þó hann sé ekki með flúrað súgfirsk fjall á fætinum eins og ég. Hugsun mín með pokunum er sú

að halda uppi minningu gömlu sundlaugar okkar Súgfirðinga, þarna lærði ég sjálf meðal annars að synda. Hún ætlar í framhaldinu af þessu að vinna að nýrri vöru. „Í þetta skipti ekki súgfirskt hráefni en sjórinn er aldrei langt undan í hugmyndasmiðju minni,“ segir Kolbrún. – harpa@bb.is

Skipsflak Drafnar ÍS tveimur áratugum eftir strand

„Ég er ný kominn úr vikulöngu ferðalagi fyrir vestan og gekk meðal annars út á Folaþót í Hesti milli Hestfjarðar og Seyðisfjarðar. Þar rakst ég á skipsflak í fjörinni. Þarna eru stýrishúsið, eldavélin, drif og skrúfa og 12 strokka vélin liggur í flæðarmálinu,“ segir Bolli Valgarðsson í bréfi til blaðsins. Um er að ræða eikarbátinn Dröfn ÍS sem strandaði við Tjaldtanga í Hestfirði 1993. Skipverjarnir voru tveir, Guðmann Guðmundsson og Arnfinnur Ö. Arnarson, en þeir björguðust báðir þó það hafi staðið tæpt um tíma.

Í frétt í Morgunblaðinu þar sem segir frá strandinu er talað við Guðmann. Hann sagði meðal annars að um tíma hafi þeir óttast um líf sitt og limi, þegar báturinn þeyttist í gegnum brimgarðinn og varð fyrir harðri ágjöf á meðan. „Vélin drap á sér fyrirvara-laust rétt fyrir klukkan 15, við reyndum að koma vélinni í gang en sáum fljótlega að það myndi ekki ganga. Við vildum ekki vera að eiga við vélina þegar báturinn

var svo nærri landi og komum okkur upp í stýrishús. Þá hafa verið tæpir 100 metrar upp í grynningar og eitthvað aðeins meira upp í land. Ég kallaði strax í loftskýtistöðina á Ísafirði og tilkynnti þeim að okkur ræki skart upp að landi og vantaði aðstoð. Það var ekki hægt að gera nokkurn skapaða hlut, tíminn var svo naumur,“ sagði Guðmann.

Fljótlega fór báturinn svo langt yfir á bakborðssíðuna að hann lá nánast á hliðinni en um tíu metrar voru frá grynningunum sem Dröfn nam staðar á og upp í þurrt land. Um hálfur annar tími leið frá því að þeir tilkynntu strandið þar til þeir sáu til manna frá Slysavarnarfélaginu Kofra í fjörinni. Guðmann kastaði þá til þeirra kaðalspotta sem hann hafði bundið í bátinn og smám saman gátu þeir fetað sig á þurrt.

Barði Ingibjartsson í Súðavík fór með Kofra á strandstað. „Guðmann, eigandi bátsins og skipstjóri, fór með okkur í björgunarsveitinni í Súðavík á strandstað á sínum tíma og leyfði okkur



Stýrishúsið, drifið og skrúfan. Ljós: Bolli Valgarðsson.

hreinsa úr honum það sem hægt var til eignar ef við gætum nýtt það. Svo hefur verið kveikt í öllu timbri líka til að eyða sem mestu. Það fer ekki mikið fyrir flakinu í dag og ætti ekki að vera nein mengun, nema þá sjónræn,“ segir

Barði í samtali við bb.is. Hann þekkir vel til á svæðinu þar sem báturinn strandaði. „Það er orðið svo langt síðan, ég man þetta ekki svo glatt en báturinn var í algjörum tætlum eftir brimið um nóttina. Tveimur til þremur dög-

um síðar fór ég með Samúel Kristjánssyni og Elvari heitnum Ragnarssyni á bátum Fengsæl. Fórum inn fyrir Akurvík í skjól og löbbuðum svo að bátum. Náðum þá að draga gumbátinn úr flakinu en annars var hann í tætlum,“ segir Barði.

Í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, sem tóku gildi 2004, segir að hafi skip strandað þannig að þeim verði ekki komið á flot ber eiganda að fjarlægja þau sem fyrst og eigi síðar en sex mánuðum eftir strand. Telji eigandi ill- eða ógerlegt að fjarlægja strandað skip, er honum heimilt að leggja fram beiðni til Umhverfisstofnunar um að það skuli vera óhreyft þar sem það er og við afgreiðslu málsins skuli Umhverfisstofnun hafa samráð við viðkomandi sveitarfélag. Á þeim tíma sem Dröfn strandaði voru í gildi lög frá 1971 en í þeim lögum var ákvæði sem svipar til ofangreinds ákvæðis. Sem sagt, að eigandi bæri ábyrgð á að fjarlægja strandað skip sitt.

– harpa@bb.is

Sælkeri vikunnar er Lina Rut Ásgeirsdóttir á Ísafirði

Safaríkar fylltar kjúklingabringur

Ég ætla að bjóða uppá safaríkar fylltar kjúklingabringur með ofnbökuðu grænmeti og sveppasósu. Ef ég fengi að ráða þá væri kjúklingur í matinn alla daga, finnst svo æðislegt að það er hægt að gera allt við kjúkling. Hægt er að skipta út fyllingunni í þessum rétti fyrir nánast hvað sem er, mér hefur einnig þótt gott að taka bara það sem til er af fræum, grænmeti, ostum og blanda saman og setja í bringurnar. Útkoman klikkar aldrei! Í eftirrétt finnst mér við hæfi að bjóða uppá heitt crostata með bláberjum, borið fram með vanilluís, enda einn af mínum uppáhalds eftirréttum.

Fylltar kjúklingabringur með sveppasósu (þessi uppskrift miðast við 3-4)

- 3 kjúklingabringur handfylli spínat
- 2-3 msk saxaðir sveppir
- 2-3 msk fetaostur
- 2-3 msk rjómaostur með kryddblöndu
- 1 tsk fersk timjan
- 1 tsk fersk steinselja
- Salt og pipar eftir smekk

Þessu er öllu er blandað saman í potti við vægan hita í 1-2 mínútur.

Fyrst er að skola kjúklingabringurnar og þerra vel með pappír. Því næst er lundin skorin af bringunni- geymd þar til seinna í ferlinu. Bringan sett í poka og flótt út með kjöthamri.

Leggið bringurnar á bretti og setjið 2 msk af fyllingu á hverja bringu, lundin svo sett ofan á fyllinguna. Gott þykir mér að vefja 1-2 stk af beikon í kringum bringuna og stinga svo tannstönglum í ef þarf svo þetta haldist saman.

Steikið bringurnar á pönnu við vægan hita í 2 mínútur á hvorri hlið, því næst eru þær settar í eldfast mót og inn í ofn við 180°C í 25-30 mínútur.

Sveppasósa

Hitið smá smjör í potti og bætið við 1 tsk af söxuðu timjan og sveppum eftir smekk. Sálðrið salti og pipar að vild og hræra vel í. Hellið ca 250 ml af kjúklingasóði í pottinn og 60 ml af rjóma við og leyfið suðunni að koma upp. smakka sósuna til og bæta við salt og pipar ef þarf og

þykkja með maizena eða smjörbollu. Þessi sósa er mjög einföld og hentar vel með þessum rétti. Sem meðlæti hef ég oftast ferskt eða bakað grænmeti. En hægt að leyfa huganum að ráða og notast við það sem til er.

Heitt Crostata með bláberjum og vanilluís

- Bláberjafylling
- 350 gr bláber
- 2 msk sykur
- 1/2 tsk kanill
- 1/2 sítrónusafi
- 1 msk hveiti


Botn

- 150 gr hveiti
- 1/4 tsk salt
- 1/2 msk sykur
- 1/2 kanill
- 1 dl ólífuolía
- 1 dl mjólk + 1 msk til penslunar

Rjómaostakrem

- 160 gr mjúkur rjómaostur
- 2 msk sykur
- 1 tsk vanilludropar

Blandið varlega saman bláberjum, sykri og kanil. Bætið saman við sítrónusafa og hveiti. Geymið.



Blandið í aðra skál salti, hveiti, sykri og kanil. Bætið síðan við ólífuolíu og mjólk út í og hrærið saman þar til deigkúla hefur myndast. Hnoðið deigið á hveitistráðu borði og fletjið það út í 30 cm hring. Færið ofan á ofnplötu með smjörpappír. Hita ofninn í 200°C.

Því næst er rjómafyllingin undirbúin með því að hræra saman rjómaosti, sykri og vanilludropum. Dreifið kreminu yfir botninn en skiljið 3 cm eftir hjá endunum.

Bláberjunum dreift yfir rjómaostablönduna. Því næst er brotið upp á endana og þeim ýtt niður yfir þau ber sem þar eru. Penslið með mjólk og bakið í 25 mínútur eða þar til deigið er orðið gyllt. Þessi dásemd er síðan borin fram með vanilluís.

Ég ætla að skoða á Áslaugu Ingu Barðadóttur, listakokk með meiru að vera næsti sælkeri vikunnar.



Hér á hjarta mitt lögheimili

„Ég er og verð alltaf Bolvíkingur,“ segir Pálmi Gestsson leikari, sem dvelst á sínum heimaslóðum þegar hann getur, þó að starfsvettvangurinn og búsetan séu að öðru leyti syðra. „Bolungarvík, þessi fæðingar- og uppeldisstaður minn, er mér sérstaklega hugleikin,“ segir hann, og þar hefur hann endurbyggt elsta eða a.m.k. eitthvert elsta húsið í bænum. Eftir að húsið komst í eigu Pálma hlaut það nafnið Hjari, en í meira en hundrað ár mun það ekki hafa borið neitt sérstakt nafn heldur verið kennt við þá sem þar áttu heima hverju sinni eins og löngum tíðkaðist.

Gömul menningarverðmæti eru Pálma rík í huga. Hér verða þau mál rædd nokkuð en einkum þó húsið gamla Hjari, saga þess og endurbygging, en þarna í húsi afa hans og ömmu er Pálmi fæddur. Líka er næsta óhjákvæmilega vikið að hinni 25 ára gömlu Spaugstofu þar sem Pálmi hefur verið innanborðs frá upphafi, og einhverju fleiru.

Tuttugu milljón manns í Bolungarvík?

„Mér finnst það þyngra en tárur taki hve gereyðingarstefnan hefur verið ríkjandi í þessum efnum hér í Bolungarvík,“ segir Pálmi um húsin gömlu. „Sem dæmi má nefna: Ég held að hús-númerin hafi náð upp í að minnsta kosti 127 við Hafnargötuna, en

núna eru þar eitthvað um eða yfir þrjátíu hús. Þetta segir nokkuð mikla sögu. Götumyndin í gömlu Bolungarvík eins og hún var er ekki lengur til. Þar er engin götmynd. Til dæmis er Aðalstrætið, sem er mjög til umræðu þessar vikurnar, ekki falleg götmynd að mínu mati, lítur út eins og tann-garður þar sem vantar fjölda tanna. Ef Aðalstræti 16 fær að standa nákvæmlega þar sem það stendur núna, fallegt og vel uppgert, gæti það lífgað mjög upp á götmyndina, yrði eins og fallegur minnisvarði í hjarta bæjarins sem myndi tengja saman gamla tímann og þann nýja.

Ég hef oft furðað mig á því fyrir hverjum þessi gömlu hús eru eiginlega. Götumar í Bolungarvík eru breiðar eins og hraðbrautir, en menn eru að tala um að þrengt sé að þeim. Tökum Aðalstrætið aftur sem dæmi: Þar sem það er mjóst er það að minnsta kosti eins breitt og Hverfisgatan í Reykjavík. Það er eins og fólk haldi að hér búi tuttugu milljón manns og umferðin sé þung [hlær], að það séu hér eilífar umferðarteppur á götunum. Mér finnst sárt til þess að vita hvernig þetta hefur farið, því að menn verða að kannast við uppruna sinn og halda sögunni til haga.

Þó að hér hafi ekki verið gamall og sérstakur arkitektúr, byggingarsögulega séð, og þó að þetta sé ekki gamall kaupstaður eins og

til dæmis Þingeyri og Ísafjörður, þá er þetta saga okkar Bolvíkinga, til dæmis allar þessar verbúðir sem hér voru. Ég er ekki að segja að það hafi ekki þurft að endurskipuleggja og rýma til fyrir nýju, en það er óþarfi að gereyða öllu. Mér finnst það dálítið alvarlegt.

Mér er sagt hjá Minjastofnun, að flestir bæir úti á landi hafi vaknað til vitundar um þessa hluti. Þó séu örfáir sem eru mjög aftarlega á merinni, og ég hef grun um að Bolungarvík sé þar á meðal. Maður getur bara hugsað til þess þegar átti að rífa Bernhöftstorfuna við Lækjargötu í Reykjavík, en henni var bjargað. Sem betur fer, segir fólk núna.“

Hér er líka svo margt jákvætt og fallegt

– Þá var talað um „danskar fúaspýtur“ ...

„Nákvæmlega. Og Neðstikaupstaður á Ísafirði, það voru gerðar atlögur að honum og menn vildu rífa gömlu húsin þar. En sem betur fer hefur hugsunarhátturinn breyst og menn hafa vaknað til vitundar um að þetta er okkar saga, sem beri að varðveita eins og hægt er. Hér í Bolungarvík voru þetta mikið verbúðir og „gamlir kofar“, en það breytir því ekki, að þetta er saga okkar Bolvíkinga og við eigum ekkert að skammast okkar fyrir hana. Þar á meðal voru líka mörg stórglæsileg og reisuleg hús, sem

flestir ættu að geta verið sammála um núna að hefði átt að varðveita. Ég hef stundum sagt að það mætti halda, þegar maður skoðar hér bæinn, að í þessari elstu verstöð á Íslandi hafi aldrei orðið nein byggð fyrr en eftir 1970.

Kannski er ekki nauðsynlegt að velta sér bara upp úr því neikvæða hér í Bolungarvík, því að hér er svo margt jákvætt og falllegt. En þetta sem ég sagði um gereyðingarstefnuna er mér einfaldlega nokkuð ofarlega í huga um þessar mundir, af ástæðum sem allir þekkja. Kannski líka vegna þess að ég hef með ákveðnum hætti gengið í gegnum þetta sjálfur, búinn að gera upp þetta gamla hús hér, sem núna er með elstu húsum í Bolungarvík, byggt árið 1900, og líklega það elsta, þó að einhver áhöld séu um það. Og þetta er hús sem átti að rífa.

Ég skil svo sem alveg rökin fyrir spurningunni *Hver á að gera þetta?* þegar húsin eru að grotna niður. Bæði er þetta dýrt og mikil vinna. En ég get ekki ímyndað mér annað en að í samilega stóru bæjarfélagi hljóti að vera unnt að marka einhverja stefnu í því hvernig skuli fara að í svona málum. Þetta hafa fjölmörg bæjarfélög gert. Ég held að Bolvíkingar hafi stundum staðið frammi fyrir stærri vandamálum en slíku. Það þarf oft ekki endilega mikla peninga til að verja gamalt fyrir frekari skemmdum þangað til annað

verður gert, þangað til einhver vill taka við því, eða þá hreinlega að bærinn leggi eitthvað í það að halda við sögu sinni.“

Húsið sem var svo stórt en er núna svo lítið

– Varðandi Hjara, húsið gamla sem þú ert búinn að gera upp, tengist það þér sjálfum persónulega á einhvern hátt frá fyrri tíð?

„Já, ég er fæddur í þessu húsi! Árið 1944 kaupir afa minn þetta hús. Sigurgeir afa minn sem bjó í Fölsfæti flytur hingað út til Bolungarvíkur í kringum 1930 og sest að ásamt fjölskyldu sinni í verbúð sem kölluð var Dúfubúð. Auðvitað var þetta allt kallað búðir, verbúðirnar, og síðan voru þær nefndar eftir þeim sem bjuggu í þeim, eða eftir einhverju öðru; Sölubúð, Gulabúð, Fjörubúðirnar og hvað þetta hét allt. Það var í búð sem kölluð var Jónínubúð sem Jónína Jölsdóttir amma mín og Pálmi Karvelsson afa minn bjuggu.

Síðan selur afa þetta hús og byggir uppi við Völusteinsstræti árið 1965.

Ég var einmitt að tala við móður mína sem er stödd hérna núna og Erlu systur hennar og þær voru að rifja upp gamla daga. Tvö þeirra systkinanna fæddust þarna í Jónínubúð, en þar áttu þau heima samtímis átta systkinin. Það hefði nú verið gaman ef henni hefði verið haldið til haga



á einhvern hátt þannig að maður gæti skoðað hana núna. Hún var ákaflega lítil, þetta var allt í stíl við til dæmis Litlabæ í Skötufirði þar sem áttu heima vel yfir tuttugu manns á tímabili.

Svo fluttu þau fyrst í hús hér skáhallt á móti við Miðstrætið, en árið 1944 kaupir afi minn svo þetta hús sem nú heitir Hjari. Þau eru þá tólf í fjölskyldunni, tíu börn og þau hjónin afi og amma. Þær sögðu það „mæður mínar“, eins og konan mín kallar þær stundum, að þær hefðu hlaupið hér upp stigana og út um allt og fundist þetta algjör höll. Svona hafa nú viðhorfin breyst! Afa mínum fannst þetta reyndar það stórt, þó að þau væru tólf í heimili, að hann ákvað að leigja út tvö herbergi. Núna erum við hérna þrjú og það er varla pláss!“

Faðir Pálma „ættleiddi“ húsið

„Ég fæddist hér í einu herberginu árið 1957. Af skiljanlegum ástæðum var ég mikið í kringum afa minn og ömmu, þau bjuggu nálægt, og á minningar héðan úr þessu húsi frá því að ég var barn. Eftir að þau selja húsið eru margir sem búa hér, en síðan er það yfirgefið rétt um 1990 og stendur autt í eitthvað um fjórtán ár. Þá fara hlutirnir náttúrulega að grotna

niður og um aldamótin á að fara að rífa þetta.

Þetta rann föður mínum svo til rifja, hvernig allt gamalt var rífið, hvernig ekki mátti neitt gamalt standa, að hann yfirtekur húsið, kaupir það fyrir eitthvert smott-erí, fær að ættleiða það ef svo má segja, með þeim formerkjum að hann muni gera það upp. Hann var nú orðinn eldri maður þá og hafði raunar ekkert bolmagn til að fara í þetta stóra hús, var þá búinn að byggja upp annað hús hér fyrir neðan, lítið, þar sem móðir mín dvelst einmitt þegar hún er hér. Pabbi kom með verkfærin sín hingað og var hér með smíðastofu, en þetta varð alla-vega til þess að húsið var ekki rífið.

Árið 2004 er hann farinn að átta sig á því að hann hefur ekki orku til að fara í meiri uppbyggingu á þessu húsi, og skynjar að ég sýni því áhuga, einn systkin-anna. Ég hafði alltaf haft einhverjar taugar til þessa húss, veit reyndar ekki af hverju, fyrir utan það sem ég var að segja þér. Þetta hús dró mig alltaf að sér þegar ég kom hingað. Svo ánafnar hann mér húsið árið 2004 og ég tek fagnandi við því. Þeim fannst nú, systkinum mínum, að hann væri með þessu að gera mér mikinn bjarnargreiða.“

Gert upp í upprunalegri mynd eins og hægt var

„Næsta árið hugsaði ég nú ekkert um þetta, og þegar ég kom hingað hugsaði ég bara með mér: *Einhvern tímann seinna*, og sneri mér svo einhvern veginn á hina hliðina. Ég vissi ekkert hvað ég ætlaði að gera, enda var þetta nokkuð stórt verkefni.

Svo var það 2005 að ég kom hér og var við skírn elsta barnabarnsins míns og ætlaði að vera í þrjá-fjóra daga. Þá fór ég eitthvað að hugsa um þetta hús og ég labba hérna út eftir með haka og hamar og ætla að fara að skoða það, skoða undir glugga og at-huga hvort ég sjái hvernig það er farið og eitthvað svona. Ætlaði bara vera kannski klukkutíma, en það fór svo, vegna þess að ég hafði góðan tíma, að ég var hér í mánuð vinnandi nánast dag og nótt. Þar með varð ekki aftur snúið.

Það varð strax stefnan hjá mér að gera þetta upp í upprunalegri mynd, auðvitað var búið að augnstinga húsið og gera hitt og þetta hér inni, klæða alla vegg með spónaplötum og þar fram eftir götunum. Ég reif þetta allt saman út, fann hér gamla panelinn og hélt því sem hægt var að halda. Ég fann gamlar myndir af

móður minni þar sem hún stendur á fermingardaginn sinn við gaflinn og myndir af húsinu þar sem við sáum hvernig gluggarnir voru. Þeir voru teiknaðir og smíðaðir upp á nýtt eftir þeim myndum. Jon Nordsteien arkitekt, mikill sérfræðingur í svona gömlum húsum, teiknaði þetta upp fyrir mig, og svo var unnið eftir því.“

Ferillinn hófst á pakkhúsloftinu

„Það síðasta sem ég gerði í fyrra, þegar ég kláraði, var að ég byggði upp pakkhús hérna við hliðina, pakkhús sem hafði staðið hér frá því að ég man eftir mér. Í húsinu var stórt steyp-ker til að kæla mjólkina úr beljunum og þarna voru saltkjötstunnur og fleira og fleira. Í endanum á þessu pakkhúsi var hjallur, og ég endurgerði þetta allt.

En þarna uppi á lofti í pakkhúsinu, sem mér fannst nú í minningunni vera nokkuð rúmlegt, þar byrjaði eiginlega minn ferill. Þar stofnuðum við fljótlega hljómsveitir og sýndum bíó og lékum leikrit og seldum inn og vorum með alls kyns menningarlegar uppákomur. Þá var maður kannski bara sjö ára eða jafnvel yngri, ég man það ekki nákvæmlega. Sjö til tíu ára kannski.

Þetta endurbyggði ég núna í

fyrra. Ég var svo heppinn að það var verið að breyta húsi hérna inni á Grundum, ég kallaði það alltaf Marísarhúsið, sem var byggt 1907, og þar fékk ég bæði bita og panel sem ég nýtti, en að öðru leyti sagaði Reimar Vil-mundarson rekavið í allt saman. Allt sem er ekki úr gömlu er smíðað úr rekaviði. Mér fannst óskaplega gaman að dunda við þetta.“

Hjari skal það heita!

– Nafnið Hjari, er það gamalt?

„Nei, það er nú nýtilkomið. Ég fór að hugsa það, vegna þess að húsið er þetta gamalt, að það hlyti að hafa heitið eitthvað, og fór að leita í gömlum pappír-um. En það hét aldrei neitt. Þegar ég sá kaupsamninginn sem afi hafði gert þegar hann keypti húsið af Kalla bakara sem svo var nefndur, þá var húsið nefnt þar „íbúðarhús á Ytribúðum“.

Ytribúðir voru jörð eða bær hérna utarlega í Bolungarvík. Húsið var kennt við þá sem bjuggu í því hverju sinni og það festist aldrei neitt nafn við það. Mér fannst ekki hægt annað en að húsið hét eitthvað, samanber „landslag yrði lítils virði / ef það hét ekki neitt“ og allt það. Ég var að hugsa um þetta og spekúler-ara í því að tengja það afa mínum



Bæjarráð Ísafjarðarbæjar telur framlag til refaveiða vera alltof lágt.

Framlagið alltof lágt

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar telur framlag Umhverfisstofnunar (UST), sem nefnt er í samningsdrögum um endurgreiðslu til sveitarfélaga vegna refaveiða á árunum 2014-2016, vera alltof lágt og hefur falið Gísla Halldóri Halldórssyni að kanna málið frekar. Þetta kemur fram í fundargerð bæjarráðs 17. júlí en þar var lagt fram bréf UST ásamt drögum að samningi og yfirliti yfir endurgreiðsluhlutföll sveitarfélaga. Í fjórðu grein samningsdraganna segir að verkaupi greiði að hámarki þriðjung af kostnaði verktaka miðað við framlagða reikninga. Samningsfjárhæð sé að hámarki 615 þúsund krónur á ári í þrjú ár, að 2014 meðtöldu. Þá segir að fjárhæð gæti breyst bætist fleiri sveitarfélög við með samninga við UST á samnings tíma.

Írindi UST til Ísafjarðarbæjar kemur fram að alls hafi borist 58 áætlanir frá sveitarfélögum um refaveiðar árin 2014-2016 en einungis 55 af þeim fólu í sér kostnað af hálfu sveitarfélags vegna veiðanna. Þá hefur sveitarfélögunum verið raðað niður eftir fjölda íbúa á ferkílómetra og raðað niður í fjóra mismunandi flokka endurgreiðsluhlutfalls. Þeir eru 33%, 30%, 20% og 10% þar sem fámennustu og landstærstu sveitarfélögin falla í efsta flokk og svo framvegis. Fyrir árið 2014 er lagt til að sú flokkun gildi en hlutfallið lækki um 5% ef gagnaskil eru ekki fullnægjandi samkvæmt samning. Ísafjarðarbæjar er 10% flokknum.

Þess má geta að Bolungarvík flokkuð undir 10%, Vesturbyggð í 20%, Strandabyggð, Reykhólahreppur, Kaldrananeshreppur í 30% og Árneshreppur í 33% flokknum. – *harpa@bb.is*

– *Hlynur Þór Magnússon.*

á einhvern hátt, kannski að nefna húsið Fofafót eða jafnvel Hvítanes.

Svo vorum við hjónin að koma keyrandi vestur eitt sumarið í hálfleiðinlegu veðri og konan mín er að tala í síma við vinkonu sína sem er greinilega að spyrja hvert við séum að fara. Hún svarar eitthvað á þessa leið í gamansömum tón: Æ, við eigum hús hérna á hjara veraldar sem við erum að fara að vesenast eitthvað í. Þá hugsaði ég: Þarna er það komið! Hjari skal það heita! Við erum nú nálægt heimskautsbaug og þetta vísar vel í staðsetningu hússins. Stutt, fallegt, kjarnyrt og hljómfagurt nafn.“

Djúpmadur í allar áttir

– Þú hefur nefnt ættarslóðir þínar inni í Djúpi, Fofafótinn og Skötufjörðinn. Þú hefur þá að líkindum verið skyldur Einari gamla Guðfinnssyni?

„Vissulega. Mitt ættaróðal í móðurrettina, ef svo má segja, er Litlibær í Skötufirði. Margrét Guðfinnsdóttir amma mín var systir Einars og fædd þar. Afi var reyndar úti í Fofafæti, en hann var fæddur á Markeyri í Skötufirði. Amma flutti til hans út í Fofafót og þar bjuggu þau um tíma.“

– En uppruni föður þíns?

„Hann er sonur Pálma Árna Karvelssonar og Jónínu Jóelsdóttur. Ætt hans er af Snæfjallaströndinni. Karvel Pálmason alþingismaður var föðurbróðir minn. Meira að segja er til örnefnið Karvelsbrekka inni í Bæjum á Snæfjallaströnd, held ég að það sé, og samkvæmt Íslendingabók átti afi minn heima í Karvelshúsi í Unaðsdalssókn í bernsku. Þannig hef ég alltaf litið á mig sem Djúpmann í allar áttir.“

– Nafnið Karvel er eitt af hinum mörgu sérvestfirsku og sjaldgæfu nöfnum. Á norðanverðum Vestfjörðum voru nöfn fólks löngum með öðrum hætti en annars staðar á landinu.

„Já, mörg þessi vestfirsku nöfn eru mjög spes. Eins og bara Pálmi! Það merkir einfaldlega pálmatré, en þau hafa ekki sést víða hér um slóðir, að ég held. Þetta er ekki algengt nafn. Og pabbi til dæmis hét fullu nafni Gestur Oddleifs Kolbeins Pálmason. Millinöfnin tvö í eignarfalli.“

– Væntanlega hafa nöfnin Gestur Oddleifs vísað til Gest Oddleifssonar í Haga á Barðaströnd, sem frá er sagt í fornritum. Kannski nafnið Kolbeins sé vísan í hinn landsfræga á sínum tíma og fremur barnmarga að sagt er Kolbein í Dal [*Unaðsdal á Snæfjallaströnd*]?

„Já, ég held reyndar að þarna sé vísan til Kolbeins í Dal. En af vestfirsku nöfnunum er væntanlega þekktast nafn Dósópeusar Tímótheussonar. Móðursystir mín heitir Evlalfía og langamma mín bar líka það nafn.“

Eiginkona Pálma Gestssonar er Sigurlaug Halldórsdóttir flugfreyja. „Saman eigum við einn dreng, Mími Bjarka,“ segir Pálmi, og bætir við:

„Hún á ekki minni þátt í því með áhuga sínum og hvatningu að byggja upp Hjara heldur en ég, og segist vera orðin Bolvíkingur, þó að hún sé Reykjavíkurmær að uppruna.“

Fyrri kona mín var Soffía Vagnsdóttir, mikil athafnakona og atorkukona hér í Bolungarvík. Við eigum saman tvö börn, Gest Kolbein og Birnu Hjaltalín.

Svo átti Sigurlaug fyrir tvö börn, Márus Brynjar og Maríu Birtu, þannig að samanlagt eigum við fimm börn. Ég segi stundum: Ég á fimm börn með tveimur konum og einum manni.“

Hafa fengið góða þjálfun á 25 árum

– Núna eru 25 ár síðan Spaugstofan hóf göngu sína. Hefur þetta alltaf verið gaman eða er þetta þreytandi og leiðinlegt?

„Auðvitað geta öll störf verið

lýjandi og þreytandi á köflum. Leiklistarstarfið út af fyrir sig er það oft. Þetta getur verið átakamikið og maður er ekki alltaf að gera það sem maður endilega vildi helst gera. En þetta er einhver ástríða. Oft er þetta mjög skemmtilegt og spennandi.

En það er svo einkennilegt með Spaugstofuna, að það hefur alltaf verið gaman að fást við hana. Auðvitað hefur þetta oft verið erfitt, því að við gerum þetta á svo skömmum tíma. Við þurfum að vera ansi mikið á tánum, þetta á sér ekkert fordæmi að gera kannski 24 þætti vikulega á vetri og skrifa þá jafnóðum og taka þá upp á einum degi. En við höfum nú fengið mjög góða þjálfun!

Stundum hef ég furðað mig á langlífi þessa fyrirbæris. Venjulega springa allar hljómsveitir fljótlega – nema kannski Rolling Stones! Ég veit ekki hvernig stjórnuhiminninn var þegar við byrjuðum, en væntanlega hefur einhver heillastjarna verið á ferli.“

Hvað svo sem líður aldarfjórðungsafmæli Spaugstofunnar og lögheimili syðra og öllu öðru syðra, þá segir Pálmi Gestsson leikari um bæinn sinn Bolungarvík: „Hér á hjarta mitt lögheimili.“



Dagar Íslands

24. júlí 1961: Yuri Gagarin kom við á Keflavíkurflugvelli á leið til Kúbu, rúmunum þremur mánuðum eftir að hann varð fyrstur manna til að fara í geimferð.

24. júlí 1982: Leitarmenn á Skeiðarársandi töldi sig hafa fundið gullskipið Wapen van Amsterdam, sem fórst árið 1667. Síðar kom í ljós að flakið var af þýsum togara sem strandaði þar árið 1903.

25. júlí 1946: Samþykkt var á Alþingi „að sækja um inn-göngu Íslands í bandalag hinna sameinuðu þjóða.“ Aðildin var samþykkt 9. nóv. og kom til framkvæmda 19. nóvember sama ár.

26. júlí 1959: Til átaka kom á dansleik á Siglufirði þar sem á annað hundrað skip voru í höfn vegna brælu á miðun-um. Tólf menn slösuðust.

27. júlí 1987: Ísafjarðarkirkja stórskemmdist af eldi, en þetta var bárujárnsklætt timburhús, Kirkjan var vígð 1963.

28. júlí 1974: Þjóðhátíð var haldin á Þingvöllum í blíð-skaparveðri. Um fjórðungur þjóðarinnar sótti hátíðina sem var til minningar um 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Á hátíðarfundum Alþingis var samþykkt þingsályktun um land-græðslu og gróðurvernd.

29. júlí 1977: Þýskur bankaræningi var handtekinn í Reykjavík með 277 þúsund mörk. Fé hafði verið lagt til höfuðs honum erlendis.

30. júlí 1961: Brúin yfir Horna-fjarðarfljót var vígð. Hún var þá önnur legsta brú landsins.

30. júlí 1973: Fyrsta skuttog-aranum sem smíðaður var hérlandis, Stálvík SI, var hleypt af stokkunum hjá Stálvík í Garðabæ.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðlæg átt og skúrir sunnan-og vestanlands. Bjartviðri NA til, en líkur á skúrum síðdegis. Hiti 10-18 stig, hlýjast austast.

Horfur á laugardag:

Breytileg átt eða hafgola. Skýjað með köflum og víða skúrir, einkum síðdegis. Hiti 10-17 stig.

Horfur á sunnudag:

Breytileg átt eða hafgola. Skýjað með köflum og víða skúrir, einkum síðdegis.

Krossgátan

Jón Steingr.	Máls-háttur	Ávöxt-um	Hristing-urinn Ætíð	Ílát Samhlj.	Stika Ljós	Út	Nægan-legt	Kona
Máls-háttur		↓						↘
Mjaka	→			Heiður Veiðarfæri Sendi-boðar		➤		
Mont-hana								Sérhlj. Jökull
Hestur				Flana			Klafi	
Japlar				Leifamar			Vesöld Skottið	
Leyfist					Málæði			
					Lims			
						Tala		Einn
						Átt		Lík
Tré Skjóta	↓	Samhlj.		Leit		Vit		
Ríki		Skeinu		Pretta		Bóla Eftirmat		
						Eftirgjöf		
						Skessan		
Til	←							Galli
Sæla	→				Voði			Óðagot
Sveimað	↓				Segja frá			↘
					Rófan			
					Klatti			
Seinar								Samhlj. Drykkur
Einn		Tala		Reiðihljóð Reikningur				
		Eldstæði		Tónn				
Rani	↘					Fúadý		
	Samteng.					Tónn		
				Japla				Átt
				Tala				Tónn
Háma					Nes			

BÍLAVERID ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



GARÐATUNNAN

240 lítra tunna á hjólum

Sími: 456 3710
gamarvest.is



Lausn á síðustu krossgátu

	Jón Steingr.		G		V	I		P
			A	L	F	A	Ð	R
			N	Æ		K	U	T
			E	S	T	E	R	Á
H	É	G	I	L	J	A		A
	G	U	Ð	J	Ó	N	G	L
			F	J	A	S		I
Í	S	A	U		A	F	S	E
	A	N	N	A		Á	T	F
	G	R	A	N	D	V	A	R
Ó	Ð	A		A	R	I		A
P	I	N	G		U	S	S	
			K	L	I	N	K	
	A	A	A	N	G	A	Ð	I
Æ	Ð		M	E	I	N		G
		H	Ú	N	⇒	V	Æ	R
S	K	A	R	N	H	É	R	A

Sudoku þrautir

		1				9	4	
4		7	8	3		2	1	
9		6	5			8		3
8			6					
				2		1	3	
					3	5		
5	7				2	4	8	
1	6			9			5	
			4	1				7

1				9	4	7		5
5	7	3	1		2			
	4			5	3	1		8
	8	1	5	6	7	3	4	
			8		1			7
	5	6	4		9			2
4	6						9	
	3		9	1			7	6
9				4				



Það er hvorki rólegt né yfirvegað á tjaldsvæðinu þegar keppt er í mýrabolta.

Rólegt og yfirvegað á tjaldsvæðinu

Færri gestir hafa verið á tjaldsvæðinu í Tungudal í Skutulsfirði sumar samanborið við fyrri ár. Munar þar mest um færri Íslendinga. „Erlendir ferðamenn hafa verið meira áberandi í sumar en heilt yfir hefur þetta verið rólegra og yfirvegaðra en í fyrra,“ segir Gautur Ívar Halldórsson, umsjónarmaður tjaldsvæðisins. Hann segir að hann merki þó að umferð ferðamanna vestur sé að aukast. „Það fer að birta yfir núna með betri tíð,“ segir Gautur.

Stutt er í stærstu helgina á tjaldsvæðinu þegar Evrópumeistaratótið í mýrabolta verður haldið og fjöldi þátttakenda gistir á tjaldsvæðinu. „Undirbúningur fyrir mýraboltann er á fullu. Við erum að slá tún, sjæna svæðið og setja niður vaktir,“ segir Gautur.

Semja um lána-línu vegna Eyrar

Drög að viðskiptasamningi um lána-línu milli Landsbanka Íslands og Ísafjarðarbæjar að fjárhæð 500 milljónir króna vegna framkvæmda við hjúkrunarheimilið Eyri á Ísafirði, voru lögð fram á fundi bæjarráðs á fimmtudag. Bæjarráð samþykkti samninginn og hefur falið Gísli Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra að vinna áfram að langtímafjármögnun hjúkrunarheimilisins.

smáar

Nýlega uppgerð 2ja herb. íbúð, 76m² íbúð á eyrinni er til leigu í vetur. Stórar svalir. Leigist með einhverjum húsgögnum, t.d. svefnsófa, eldhúsborði og stólum. Góð umgengni skilyrði. Reyklaus íbúð. Uppl. í síma 867 6657 eða 892 9282.

Til sölu er Palomino Colt feli-hýsi, 9 fet, árg. 1999 með fortjaldi, sólarsellu, og nýjum rafgeymi. Er staðsett í Hnífsdal. Uppl. í síma 894 1332 og 897 3466.

Þjónustuauglýsingar

AKOB VALGEIR EHF
Grundarstíg 5
415 Bolungarvík
450 7700

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir
Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

Öll almenn húsmíði
Bolungarvík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf
Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

BÍLAVERKSTÆÐI SB
SINDRAGÖTU 3
SÍMI: 456-3033

SMURSTÖÐ
VARAHLUTAVERSLUN
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI

Steig ehf
Bókhaldsþjónusta og fjárhagsráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga
Kristinn H. Gunnarsson
framkvæmdastjóri

Traðarstíg 12
415 Bolungarvík
Sími: 456 7437 og 892 7630
kristinn@kristinn.is

HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- spálfrætt nýtt sjávarauðlinda

Úrval Útsýn kynnir Taíland

Hua Hin og Bangkok

11 dagar á lúxus sólarströnd og
heimsókn í stórborg



Hua Hin

Hua Hin er strandbær rúmlega 200 km suður af Bangkok. Staðurinn sameinar sjarma gamla fiskimannabæjarins og nútímalega ferðamannaaðstöðu með hótélum, veitingastöðum, verslunum og mörkuðum.

7.-18. NÓV. og 20. NÓV. — 1. DES.

Verð frá aðeins

299.900 KR.

á mann í 6 nætur í Hua Hin og 3 nætur í Bangkok í tvíbyli með morgunverði.



Ferðamáti í hæsta gæðaflokki

Flogið er með Icelandair til Stokkhólms og með Thai Airways breiðpotu til Bangkok.

Bangkok

Bangkok er alþjóðleg, fjölbreytt og heillandi borg þar sem gamlir og nýir tímar mætast og þróast í allar áttir. Þarna eru gömul Búddahof og fagrar hallir, nútímaleg tækni og samgöngur, háhýsi, hótél, verslanir, veitingastaðir, skemmtistaðir, markaðir og fullt af áhugaverðum stöðum.



Úrval Útsýn kynnir stórkostlega sólarferð til Taílands.

Í ferðinni verður dvalið við strandbæinn Hua Hin og í heimsborginni Bangkok. Farþegar geta hagað tíma sínum að vild á báðum stöðum, en íslenskur fararstjóri verður einnig innan handar. Hvort sem þú leitast eftir afslöppun í framtíð landi, ævintýri eða menningu, þá hefur Taíland svarið.

Kynntu þér Taíland á

Úrval Útsýn er í Hlíðasmára 19 í Kópavogi.
Sími 585 4000 www.uu.is Facebook

UU
ÚRVAL-ÚTSÝN